

Ed. **317. Frumvarp til laga** [156. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. mars 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

18. gr. 2. másl. laganna orðist svo:

Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign og skrásettu skráningar-
skyldu skipi, nema kyrrsetningu hafi verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfum, nema
athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Hér er lagt til,
að lögum um kyrrsetningu og lögbann verði breytt til samræmis við reglur þær,
sem felast í þinglýsingalagafrumvarpinu.